

styður vitnisburður Sigmundar Eyvindssonar það og einnig að nokkru vitnisburður Sigurgríms Þórarins Guðjónssonar. Verður ekki talið samkvæmt framburðum vitnanna, að ákærður hafi farið svo nærri bátnum, að slysið hefði þess vegna þurft að verða. Það verður að telja sannað með framburðum vitnanna, að Sigmundur heitinn hafi skotizt fyrir bifreiðina, án þess að taka eftir henni, enda virðist hann hafa haft hugann við það að gæta að bátnum. Verður því að sýkna ákærðan af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað málsins, af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærðs hér fyrir réttinum, Garðars Þorsteinssonar hrm., er ákveðast kr. 60.00.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Halldór Sveinsson, skal sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærðs, Garðars Þorsteinssonar, hrm., kr. 60.00.

Miðvikudaginn 7. júní 1939.

Nr. 18/1939. **Kristján Helgason**

(Theódór B. Líndal)

gegn

Jóhannesi Ólafssyni

(Pétur Magnússon).

Meiðyrðamál. Frávisun ex officio, vegna þess að áfrýjunarleyfi var of seint veitt.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 9. des. 1936, og áfrýjunarfrestur samkvæmt e-lið 222.

gr. laga nr. 85/1936 hófst því 1. jan. 1937, sbr. 1. málsg. sömu greinar. Sá 2 ára tími, er veita má áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. málsg. 197. gr. téðra laga, hefst á sama tíma sem hinn venjulegi áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. málsg. 197. gr., sbr. e-lið 222. gr., að því er þetta mál varðar. Leyfi til áfrýjunar þessa máls er gefið út 14. febr. 1939, og því meira en 2 árum eftir upphaf áfrýjunarfrests þess, er samkvæmt framanskráðu hófst 1. jan. 1937. Var því eigi heimilt lögum samkvæmt að veita áfrýjunarleyfið, og verður því að vísa málinu ex officio frá hæstarétti.

Eftir þessum málalokum og samkvæmt kröfu stefnda verður að dæma áfrýjanda til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 150 krónur.

Áfrýjandi hafði gjafsókn fyrir hæstarétti og fékk sér skipaðan talsmann. Verður eftir úrslitum málsins að dæma talsmanninum málflutningslaun úr ríkissjóði, er þykja hæfilega ákveðin 100 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Ríkissjóður greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Theódórs B. Líndal hæstaréttarmálflutningsmanns, 100 krónur.

Áfrýjandi, Kristján Helgason, greiði stefnda, Jóhannesi Ólafssyni, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Dalasýslu 9. des. 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilaun höfðað fyrir aukarétti Dalasýslu með stefnu útgefinni 8. júlí 1936

af Jóhannesi Ólafssyni, barnakennara á Svinhóli, gegn Kristjáni Helgasyni, bónda á Dunkárbakka, út af meiðandi ummælum, er stefnandi telur að stefndur hafi haft um sig í bréfi til fræðslumálastjóra dags. 8. september 1935 og í bréfi til kennslumálaráðherra dags. 18. apríl 1936. Telur stefnandi ummæli þau mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig og miði auk þess að því að spilla fyrir atvinnu sinni sem barnakennara.

Ummæli þau í nefndu bréfi til fræðslumálastjóra, þar sem stefndur ræðir um stefnanda og sem stefnandi átelur sérstaklega, eru þessi: „að það sé héraðsfleygt, að hann brúki fíflskap við meytelpur, sem hann eigi að kenna.“

Ummælin í bréfinu til kennslumálaráðherra, er stefnandi telur sérstaklega meiðandi fyrir sig, eru þar sem stefndur segir um hann: „hann hafði fyrir fáum árum orðið uppvis að svinarii“.

Stefnandi hefir gert þær réttarkröfur í málinu, að framangreind ummæli stefnds verði dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur í hina þyngstu refsingu, sem lög leyfa, og til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir reikningi.

Stefndur hefir aftur á móti krafizt algerðrar sýkunar af kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins.

Þessar kröfur sínar í málinu rökstyður stefndur með því, að hann segir, að sannað sé í málinu með vitnaframburði, að hin umstefndu ummæli hans í bréfinu til fræðslumálastjóra hafi verið rétt; hafi þrjú vitni í málinu vottað það, „að gengið hafi í héraðinu um stefnanda orðrómur um ósæmilega hegðun gagnvart meytelpum“.

Hann heldur því einnig fram, að sér hafi tekizt að færa fulla sönnun í þessu máli fyrir réttmæti hinna umstefndu ummæla í bréfinu til kennslumálaráðherra og að minnsta kosti þrjú vitni hafi með framburði sínum sannað ásókn stefnanda á hendur 12 ára telpu, að fá að kyssa hana og faðma, en telpa þessi var ein af nemendum stefnanda veturinn 1928—1929. Segir stefndur, að vottorð stúlkunnar, sem er staðfest, greini frá því, að stefnandi hafi ásótt hana í þeim augljósa tilgangi að tæla hana til lauslætis.

Stefnandi mótmælir því ákveðið, að stefndur hafi fært

sönnur á, að umstefnd ummæli séu réttmæt; segir vottorð og framburð vitnisins Kristinar Hjartardóttur hafi ekkert eða að minnsta kosti mjög lítið sönnunargildi og mótmælir einnig vitnisburði hinna annara vitna.

Skulu nú athuguð þau sönnunargögn, er komið hafa fram í máli þessu.

Stefnandi hefir lagt fram í málinu yfirlýsingu bænda og húsmæðra í Miðdala- og Hörðudalshreppum um það, að hann hafi komið vel fram sem kennari við börn þeirra og getið sér hinn bezta orðstír. Alls undirskrifað af 37 persónum. Yfirlýsingar þessar eru óstaðfestar og þeim mótmælt. Eru þær því ekki sönnun í þessu máli.

Stefndur hefir lagt fram í málinu vottorð frá ýmsum á réttarskjölum nr. 11 til 18. Eru nokkur þeirra mjög óákveðin í orðalagi; t. d. hafi heyrt, að stefnandi hafi umgengist telpur, sem hann hafði til kennslu, á óvenjulegan hátt. Öll þessi vottorð, nema vottorðið á réttarskjali 14, eru óstaðfest og hefir þeim verið mótmælt af stefnanda. Verða þau ekki talin sönnun í þessu máli. Vottorðið á réttarskjali 14 hefir verið staðfest fyrir rétti af öðrum útgefanda þess, en þá um leið lýsti hann því yfir, að þar sem stæði „ósæmilegan hátt“ í vottorðinu, ætti hann við „ekki ágætlegan hátt“ eða „ekki ágætlega“. Virðist því vottorð það verða að litlu liði í málinu.

Þá hafa þrjú vitni, þau Kristín Hjartardóttir, Baldvin Sveinsson og Pálmi Jónasson, borið það fyrir rétti, að þau hafi heyrt orðasveim um það, að stefnandi hafi umgengist telpur, er hann hafði í kennslu, á mjög ósæmilegan hátt. Vitnið Kristín segist bæði fyrr og síðar hafa heyrt í héraðinu orðróm um það, að stefnandi hafi haft frammi áleitni við stúlkubörn, er hann kenndi.

Vitnisburður fjöggra persóna hafa verið lagðir fram í málinu, og staðfestir eru þeir um áleitni stefnanda við Kristínu Hjartardóttur, er hann kenndi veturinn 1928—1929, og varð hún þá (um veturinn) 13 ára. Framburður Kristinar sjálfrar greinir frá því, að stefnandi hafi þann vetur sótt mjög eftir að fá að kyssa hana og láta blítt að henni, er þau voru tvö saman, og fór jafnvel að gráta, er hún leyfði það ekki. Laumaði hann og ástarbréfum í lófa vitnisins, og í einu þeirra bréfa kveðst hann elska vitnið meir en konuna sína. Bréf þessi brenndi vitnið.

Þess getur Kristín og, að stefnandi hafi tvívegis vakið sig með klappi og meira að segja í annað skiptið einnig með kossi.

Vitnið Ragnheiður Hjartardóttir, systurdóttir stefnds, sem var skólasystir Kristínar umræddan vetur, þá 10 ára, ber það, að henni virtist stefnandi gefa sig meira að þeim telpunum en drengjunum, einkum er á veturinn leið. Kvaddi hann þær og heilsaði þeim með kossi (ekki getur hún um, hvernig kveðjum hans var háttað við drengina) og vildi dansa við þær á kvöldin. Segist vitnið hafa einu sinni vaknað við það um veturinn, að stefnandi var að klappa Kristínu, er svaf fyrir framan það í rúminu. Þetta ber vitnið eftir eigin athugun. Þá getur hún þess, að Kristín hafi þá um veturinn sagt sér af áleitni stefnanda við hana. Vitnið tekur það fram, að stefnandi hafi ekki haft í frammi neina áleitni við sig frekar en að framan er sagt.

Vitnin Kristján Magnússon, uppeldisbróðir Kristínar Hjartardóttur, og Jón Jóhannsson, fóstri hennar, bera það báðir, að þeim hafi virzt Kristínu standa stuggur af stefnanda eftir þennan umrædda vetur. Fékkst hún ekki til þess að greina fósturforeldrum sínum ástæðuna fyrir þessu aðra en þá: „að stefnandi léti eins og fífl við sig“. Þá segja þeir, að Kristín hafi fengið bréf frá stefnanda, en brennt það.

Samkvæmt framangreindu virðist stefnda ekki hafa tekizt með vitnaleiðslum þeim, er farið hafa fram í þessu máli, að sanna það, að stefnandi hafi sýnt námstelpu sinni Kristínu Hjartardóttur áleitni, er talin verði „svínari“, en með vitnisburði um framkomu stefnanda gagnvart henni hefir stefndur viljað sanna, að ummæli hans í bréfinu til kennslumálaráðherra væru réttmæt. Ekki hafa verið færð gögn að því í þessu máli, að viðskipti stefnanda við nokkra aðra persónu hafi verið slík, að þau réttlæti hin umstefndu ummæli. Það virðist ekki heldur full sönnun færð fyrir því, að héraðsfleygt hafi verið, að stefnandi brúkaði fíflskap við meytelpur, þótt fjögur vitni staðfesti það fyrir rétti, að þau hafi heyrt orðasveim um það í Dalasýslu, „að stefnandi umgengist telpur, er hann hefði til kennslu, á mjög ósæmilegan hátt.“ Vitni þessi, sem eru búsett hvort nálægt öðru — þrjú í sama smáhreppnum og það fjórða rétt utan við takmörk hans — gátu hafa heyrt orðasveim-

inn, þó að ekki væri hann héraðsfleygur. Þótt það væri talið sannað, að orðasveimur þessi (að stefnandi brúkaði fíflskap við meytelpur, sem hann á að kenna) væri héraðsfleygur, þá hefir stefndur gerst sekur um að útbreiða hann með því að skrifa fræðslumálastjóra um orðasveiminn. Virðist stefndur ekki heldur hafa fært fram í málinu næg gögn, er réttlæti þau ummæli, er felast í orðasveimi þessum.

Hin umstefndu ummæli verða að teljast meiðandi og móðgandi í garð stefnanda, og þar sem stefndur hefir ekki réttlætt þau, þá verður að dæma þau dauð og ómerk og stefnda í refsingu fyrir þau samkvæmt 217. grein hinna almennu hegningarlaga, og þykir hegningin hæfilega ákveðin 60 kr. sekt til ríkissjóðs, en ef sektin er ekki greidd í tækan tíma, þá komi í hennar stað 7 daga einfalt fangelsi.

Samkvæmt málsúrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega metinn 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin átöldu meiðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndur, Kristján Helgason, greiði 60 króna sekt í ríkissjóð eða sæti 7 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn. Svo greiði stefndur stefnanda, Jóhannesi Ólafssyni, 50 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.